

sparisjóði, svo og reglugerð sparisjóðsins sjálfs, og önnur gildandi fyrirmæli, og 35
stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er. 8. marz

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 8. marz 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá um sjóð til viðhalds tveimur legstöð- 36
um í Sauðárkróskirkjugarði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 10. marz
málaráðherra 10. marz 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um sjóð til viðhalds tveimur legstöðum í Sauðárkróskirkjugarði.

1. gr.

Nokkrir niðjar séra Jóns prófests Hallssonar og konu hans, frú Jóhönnu Hallsdóttur, vilja tryggja viðhald legstaðar prófastshjónanna í kirkjugarðinum á Sauðárkróki, og einnig legstaðar Stephans faktors Jónssonar og konu hans, Ólafar Hallgrímsdóttur, sama staðar.

2. gr.

Í því skyni hefur verið safnað í sjóð upphæð nokkurri, sem nú er kr. 1000.00, en kann að aukast eitthvað með framlögum viðkomenda.

3. gr.

Í sjóðstjórninni eru sóknarpresturinn á Sauðárkróki, oddviti sóknarnefndarinnar og einn af niðjum prófestsins, meðan nokkur er innan Skagafjarðarsýslu, en síðan kjósi fyrst nefndir tveir stjórnarmenn þriðja manninn. Er þess vænt, að nefndir aðilar vilji góðfúslega taka að sér stjórnarstörf, sem fólgin eru í að sjá um viðhald legstaða þessara, eftir því sem stjórnendurnir telja með þurfa á hverjum tíma, svo að í lagi séu.

4. gr.

Fé sjóðsins skal geymt og ávaxtað í aðaldeild Söfnunarsjóðsins, og skal vöxtunum varið til viðhaldsins eftir því sem þörf krefur á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir, að sóknarpresturinn haldi reikning sjóðsins og geymi hjá sér.

5. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjórans á skipulagsskrá þessari.

p. t. Alþingi, 9. marz 1944.

F. h. sjóðstofnenda

Jón Sigurðsson.